

Umbótaáætlun Kópavogsskóla í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar haustið 2018

Við ytra mat Menntamálastofnunar komu í ljós að tækifæri eru til umbóta í nokkrum þáttum skólastarfsins. Sum atriðin eru einföld í framkvæmd meðan önnur eru tímafrekari og þarfnast meiri vinnu. Umbótaáætlunin tilgreinir alla þættina, skipulag vinnunnar við þá, ábyrgðaraðila, hvenær umbótaferlið hefst eða umbótunum á að vera lokið og loks mat á umbótunum. Niðurstöðum úttektarinnar er skipt í þrjá hluta en umbótaáætlunin er í fjórum hlutum. Það er vegna þess að nokkrar athugasemdanna eru um námskrá og kennsluáætlanir og því voru þær teknar sérstaklega saman í kaflann „Námskrá og kennsluáætlanir“ sem er aftast í umbótaáætluninni. Kaflarnir eru því

- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat
- Námskrá og kennsluáætlanir

Stjórnun og fagleg forysta

Efnisþáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Leggja áherslu á að kennarar geri stjórnendum grein fyrir, með reglubundnum hætti, á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.	Starfsþróunarsamtöl að vori. Eyðublað uppfært með tilliti til þessa þáttar (breyttir kennsluhættir, símenntun)	Skólastjórnendur	Apríl 2019 og síðan að vori ár hvert.	Samantekt í lok skólaárs og samtöl við þá sem þurfa aðstoð
Miðla upplýsingum um tækifæri til að sækja endurmenntun til alls starfsfólks	Upplýsa starfsfólk með reglubundnum hætti um endurmenntunartilboð sem	Húsvörður, forstöðumaður frístundar og	Er í gildi	Skólastjórnendur fylgist markvisst með starfsþróun

	<p>henta hverjum og einum og starfi skólans. Endurmenntunartilboð Kópavogsbæjar sem eru í boði í ágúst verði kynnt sérstaklega. Endurmenntunaráætlun Kópavogsskóla er á starfsmannavef skólans</p>	skólastjórnendur		starfsmanna og tryggi að henni sé sinnt samkvæmt starfspróunaráætlun.
<p>Kynna foreldrum reglulega sameiginlega ábyrgð þeirra og skólans á jákvæðum skólabrag</p>	<p>Verði fastur liður á öllum skólakynningum í upphafi hvers skólaárs og í foreldraviðtölum. Unninn verði gátlisti sem farið verður eftir í kynningunum.</p>	<p>Umsjónarkennarar og skólastjórnendur í samstarfi við stjórn foreldrafélags</p>	<p>Frá og með upphafi skólaárs 2019-2020</p>	<p>Listar yfirfarnir af deildarstjórum og athugað hvernig tókst til. Skólastjórnendur ræði við stjórn foreldrafélags á mánaðarlegum föstum samstarfsfundum og ítreki í fréttabréfum og tilkynningum til foreldra</p>
<p>Skrá hvernig samstarf við önnur skólastig er skipulagt sem og samskipti við grenndarsamfélagið um verkefni nemenda svo sem starfsnám og heimsóknir</p>	<p>Upplýsingar settar í skólanámskránnu og birtar á heimasíðu</p>	<p>Námsráðgjafi og skólastjórnendur</p>	<p>Hefur verið á heimasíðu skólans undanfarin ári og er uppfært reglulega.</p>	<p>Skólastjórnendur tryggi að upplýsingarnar verði alltaf aðgengilegar á heimasíðu skólans</p>
<p>Fjalla um þróunarstarf og árangur á samræmdum könnunarprófum og skimunum</p>	<p>Þessum þáttum verði bætti við skýrslu skólaársins 2017-2018</p>	<p>Teymi um innra mat/skólastjóri</p>	<p>Janúar 2019</p>	<p>Búið að bæta upplýsingunum við</p>

skólans í skýrslu um innra mat.	og verða eftirleiðis sérstakur kafli í skýrslum um innra mat.			skýrslu skólaársins 2017-2018 og birta á heimasíðu skólans
Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í kennslu	Verkferlar útbúnir af skólastjórnendum og námsráðgjafa og vistaðir á starfsmannavef og heimasíðu.	Skólastjórnendur	Tilbúið til notkunar á ágúst 2019.	Skólastjóri athugar hvort verkferlar hafa verið birtir á vef og starfamannavef og kennarar meðvitaðir um það.
Birta starfsáætlun 2018-2019 á heimasíðu	Skila þarf starfsáætlun til menntasviðs Kópavogs fyrir 1. október ár hvert	Skólastjóri	Október ár hvert. Starfsáætlun skólaársins 2018-2019 var birt á heimasíðu í október 2019	Starfsáætlunin verðir birt á heimasíðu skólans í október ár hvert eftir umræðu í skólaráði
Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. rg. 1009/2015.	Ferill um lausn ágreiningsmálastarfsfólk birtur á starfsmannavef skólans..	Skólastjóri	Mars 2019	Skólastjóri athugi hvort reglurnar séu á starfsmannavef.
Tryggja aðkomu nemenda og foreldra að endurskoðun skólareglna.	Fulltrúar allra aðila skólasamfélagsins endurskoði skólareglurnar og kynni þær.	Skólastjórnendur	Maí 2019	Kynnt og rætt í skólaráði
Tryggja að nemendur séu valdir í skólaráð til tveggja ára.	Undirbúið í samráði við skólaráðsfulltrúa.	Skólastjóri	Maí 2019	Yfirfarið í skólaráði í upphafi hvers skólaárs
Innleiða þá reglu að verktakar	lönaðarmenn hafi samband við	Húsvörður vegna	Apríl 2019	Skólastjóri ræði

og aðrir sem eru í lengri tíma í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu	húsvörð sem hefur eftirlit með störfum þeirra og tryggi trúnað..	iðnaðarmanna, skólastjóri vegna annarra		reglulega við húsvörð og tryggi að verklaginu verði fylgt
Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsóknna til kennara og fylgjast með störfum starfsmanna og veita endurgjöf.	Endurgjöf til kennara í starfspróunarsamtölum Undirbúningur innleiðingar á rafrænu kerfi til endurgjafar	Skólastjórnendur	Starfspróunarsamtöl í mars og apríl . Innleiðing á rafrænu endurgjafarkerfi í janúar 2020.	Skólastjórnendur fari yfir niðurstöður starfspróunarsamtala og bregðist við í starfspróunaráætlun.

Nám og kennsla

*Stjórnumerkt atriði voru rædd og útfærð á kennarafundi í desember 2018

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Skrá og skilgreina áætlanir um stuðning eða sérkennslu	Deildarstjóri í samráði við kennara meti þörf fyrir stuðnings- og sérkennslu og haldi utan um allar skráningar	Deildarstjóri sérúrræða	Heildaráætlun í upphafi skólaárs og nýjar áætlanir einstakra nemenda jöfnum höndum	Aðrir skólastjórnendur yfirfari áætlanir með deildarstjóra sérúrræða og bregðist við ef ástæða er til
Skrá viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni og gera þessar upplýsingar aðgengilegar, auk þess að gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum	Deildarstjórar yfirfari með kennurum og geri upplýsingarnar aðgengilegar. Viðmið og matskvarðar skilgreind í hverri námsgrein	Kennarar og deildarstjórar	September 2019	Allar námsgreinar yfirfarnar af skólastjórnendum og endurbætur gerðar ef þarf

*Kennarar noti fjölbreytta kennsluhætti, m.a. í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda.	Skólastjórnendur ræða þennan þátt reglulega og kalla inn, ef þarf, aðila til að auka þekkingu kennara á fjölbreyttum kennsluháttum. Nýta tæknina og möguleika spjaldtölva, hljóðbækur, rafbækur, auka þemavinnu og samtöl (rökræður) í verkefnavinnu.	Skólastjórnendur	Er nú þegar í gildi	Virkt sjálfsmat kennara og eftirlit skólastjórnenda með kennsluháttum og leiðbeini þeim kennurum sem á þurfa að halda
Skipuleggja kennslu og verkefni/ viðfangsefni þannig að námstími nemenda sé vel nýttur, m.a. með tilliti til lengdar kennslustunda og tíma sem þarf til að komast í og úr íþrótt- og sundtímum.	Stundaskrá skólaársins 2019-2020 verði skipulögð með þetta í huga.	Aðstoðarskólastjóri/ deildarstjórar	Júní 2019	Yfirfarið af skólastjóra í ágúst ár hvert og kynnt í skólaráði
*Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.	Kennarar ræði þessa þætti og kynni nemendum markmiðin sem vinna á með í upphafi hverrar lotu eða kennslustundar eftir því sem við á. Nemandinn viti alltaf til hvers er ætlast af honum.	Kennarar	Að fullu í gildi frá og með janúar 2019.	Deildarstjórar fylgja þessu eftir á deildafundum. Vísa til skólastjóra ef kennarar framfylgja þessu ekki
Námsmat þarf að vera fjölbreytt og taka mið af kennsluháttum	Fjölbreytileiki námsmats aukinn um leið og kennarar eru styrktir í þróun	Skólastjórnendur	Frá ágúst 2019	Skólastjórnendur yfirfari með kennurum hvers stigs í

	kennsluhátta með aðstoð sérfræðings frá HÍ			september ár hvert
*Þjálfra samvinnu og samstarf nemenda markvisst í námi og kennslu.	Fjölbreyttar kennsluaðferðir verði nýttar til að efla þennan þátt. Nemendum kennt að vinna í hópum og aukin áhersla lögð á hópa- og þemavinnu. Jafningjafræðsla, teikniverkefni, hringekjur og leikir nýttir til að efla sköpunarhæfni nemenda, auka áhuga, samvinnu og styrkja félagsfærni.	Kennarar	Í gildi og verður eftt frá og með janúar 2019	Yfirfar námslýsingar reglulega og tryggja að unnið sé með samvinnu og samstarf og tryggja aðstoð kennsluráðgjafa ef talin er þörf á
*Koma á formlegum samtölum umsjónarkennara við nemendur um nám og líðan.	Umsjónarkennarar geri, í námsskipulagi sínu, ráð fyrir tíma til að ræða við nemendur um nám og líðan. Sjálfstæði nemenda styrkt svo kennarar fái með þeim hætti tíma til að ræða við nemendur. Unnið út frá gátlistum umsjónarkennara og skólastjórnenda sem taka mið af forsendum hvers nemanda. Markmiðið að viðtal náist tvisvar á ári.	Umsjónarkennarar í samvinnu við skólastjórnendur.	Undirbúið vorið 2019 og útfært við gerð stundaskráa skólaársins 2019-2020 í júní 2019.	Deildarstjórar meta með kennurum árangur viðtalanna og bregðist við niðurstöðum.
Tryggja að haft sé samráð við nemendur um	Einstaklingnámskrár unnar í fullu samráði við foreldra og	Deildarstjóri sérúrræða	Er þegar í gildi	Nemendaverndarráð fái allar

markmiðssetningu í einstaklingsnámskrám, til samræmis við aldur þeirra og getu	nemendur			einstaklingsnámskrár til skoðunar um leið og þær hafa verið undirritaðar
Veita nemendum markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.	Kennarar leggi mat á hvaða námsaðferðir henti nemendum og styrki þá með aðstoð námsráðgjafa í að tileinka sér þær.	Kennarar og deildarstjórar	Markvisst frá ágúst 2019	Skólastjórnendur og námsráðgjafi hafi virkt eftirlit með að þetta sé gert og skólastjórnendur bregðist við ef misbrestur verður á
Þjálfa nemendafulltrúa í ráðum og nefndum til þeirra verkefna sem þau taka að sér.	Unnið í samstarfi forstöðumanns félagsmiðstöðvar, námsráðgjafa og aðstoðarskólastjóra	Aðstoðarskólastjóri	Er þegar í gildi	Skólastjóri hitti aðilana reglulega og fylgist með framkvæmdinni.

Innra mat

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Meta kennslu og fagmennsku kennara sem og nýjungar í kennsluháttum reglulega.	Starfspróunarsamtöl og innleiðing á rafrænu matskerfi sem verður nýtt í formlegu innliti skólastjórnenda í kennlustundir. Niðurstöður skráðar í skýrslu um innra mat og umbótaáætlun.	Skólastjóri	Unnið samkvæmt nýjum vinnubrögðum frá og með apríl 2019	Niðurstöður skoðaðar af skólastjórnendum og viðbrögð metin eftir stöðu hvers kennara

Byggja val matspátta með skýrum hætti á markmiðum og helstu viðfangsefnum og meta þau reglubundið.	Viðfangsefni matsins taki mið af markmiðum og umbótum sem gerðar hafa verið.	Teymi um innra mat/skólastjóri	Apríl 2019	Matsþættirnir metnir árlega og endurskoðaðir ef talin er þörf á breytingum. Kynnt og rætt í skólaráði
Gera leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla hluta af innra mati og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Tilgreina með skýrum hætti viðmiðin sem stefnt er að og skrá niður áætlanir og verkferla sem unnið er eftir.	Teymi um innra mat/skólastjóri	Apríl 2019	Endurskoðað af skólastjórnendum og teymi um innra mat í upphafi skólaárs.
Vinna áætlun um innra mat sem nær til lengri tíma (3-5 ár) þannig að helstu þættir skólafarfsins séu metnir.	Ársetja allar áætlanir með sama hætti og gert er í starfsþróunaráætlun skólans.	Teymi um innra mat/skólastjóri	Apríl 2019	Yfirfarið á hverju skólaári og kynnt í skólaráði
Tryggja að allir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í teymi um innra mat	Fulltrúum þeirra hagsmunaaðila sem ekki eru nú þegar í teymi um innra mat verði bætt við teymið	Skólaráð	Maí 2019	Yfirfarið af skólaráði í upphafi hvers skólaárs.
Nýta niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmd könnunarpróf og skimanir í innra mati	Umbótaáætlun ytra mats verði höfð að leiðarljósi við innra mat. Niðurstöður könnunarprófa og lesskimana yfirfarnar af viðkomandi kennurum, námsráðgjafa og	Skólastjórnendur	Niðurstöður könnunarprófa og skimana eru nú þegar nýtt og niðurstöður ytra mats verða	Rætt í skólaráði á hverju ári og brugðist við stöðunni hverju sinni

	skólastjórnendum og viðbrögð ákveðin		nýttar markvisst frá skólabyrjun 2019-2020	
Gera grein fyrir tengslum við stefnu skólans og markmið skólanámskrár, viðmiðum um árangur og að hve miklu leyti markmið hafa náðst, í skýrslu um innra mat	Stefna skólans verði lesin saman við markmið skólanámskrárinnar	Skólastjórnendur	Unnið með á skólaárinu 2019-2020 og birt í skýrslu í lok skólaársins	Kynnt í skólaráði og endurskoðað ef þörf er talin á.
Tilgreina markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru	Verkátætlun gerð fyrir hvert markmið sem ekki hefur náð tilgreindum viðmiðum. Líðan og skólasókn verði skoðuð sérstaklega.	Skólastjórnendur	Unnið í framhaldi af niðurstöðum hvers skólaárs.	Niðurstöður metnar af skólaráði og framhald ákveðið
Bera áætlanir um umbætur undir skólaráð með formlegum hætti og fylgja þeim kerfisbundið eftir	Umbótaáætlun teymis um innra mat borin undir skólaráð með formlegum hætti til samþykktar.	Skólastjóri	Verði fylgt eftir frá upphafi skólaárs 2019-2020	Skólaráð yfirfari áætlunina í upphafi hvers skólaárs og fylgist með að áætluninni verði fylgt.
Birta greinagerð um innra mat 2017-2018 á heimasíðu sem og umbótaáætlun 2018-2019	Skýrsla um innra mat verði frágengin fyrir sumarleyfi í júní og birt á heimasíðu skólans	Teymi um innra mat	Skýrslan og umbótaáætlunin (ekki endurskoðuð) er nú þegar á heimasíðu. Verður eftirleiðis birt í júní ár hvert	Skólaráð skoði í upphafi nýs skólaárs hvort misbrestur hafi orðið á og skólastjóri sjái þá til þess að skýrslan verði fullgerð og birt

Námskrá og kennsluáætlanir

*Stjórnumerkt atriði voru rædd og útfærð á kennarafundi í desember 2018

Efnispáttur	Framkvæmd	Ábyrgð	Lokið	Mat á umbótum
Vinna skólanámskrá þannig að hún uppfylli viðmið aðalnámskrár.	Almennur hluti námskrárinnar gerður heildstæður í samræmi við framsetningu í Aðalnámskrá grunnskóla.	Skólastjóri	Apríl 2019	Skólaráð yfirfari skólanámskránnar á fundi í október ár hvert
Ljúka vinnu við námsvísa/ bekkjarnámskrár.	Bekkjarnámskrár/ kennsluáætlanir fullunnar og teknar saman fyrir hvern árgang.	Kennarar/ skólastjórnendur	Kennsluáætlanir fyrir vorönn í janúar 2019. Metanleg hæfniviðmið í febrúar 2019. Frá upphafi skólaárs 2019-2020 verður þetta allt aðgengilegt í mentor.	Deildastjórar yfirfari áætlanir. Vísa til skólastjóra til úrlausnar ef vinnan er ekki fullnægjandi.
Birta áætlanir um nám og kennslu sem ná til skólaárs eða annar í skólanámskrá og tiltaka hvernig unnið er með stefnu skólans.	Kennsluáætlanir gerðar aðgengilegar á einum stað og samræmdar við stefnu skólans. Framkvæmdin fer fram á fagfundum og á undirbúningsdögum.	Skólastjórnendur	Birting á endurskoðun og samræming við stefnu skólans í mars 2019. Eftirleiðis unnið og birt í upphafi	Deildarstjórar yfirfari áætlanir kennara og staðfesti þegar þeim er skilað inn.

			hverrar annar og aðgengilegt í mentor	
Birta með skýrum hætti í skólanámskrá áherslur aðalnámskrár um nám og kennslu með tilgreindum leiðum til að mæta þeim, ásamt því hvernig námsaðlögun er háttað.	Kennsluáætlanir gerðar aðgengilegar á einum stað og samræmdar við stefnu skólans. Framkvæmdin fer fram á fagfundum og á undirbúningsdögum. Birt á heimasíðu skólans	Skólastjóri	Maí 2019	Yfirlit af skólastjórnendum og kynnt í skólaráði
Gera grunnþáttum menntunar skil í skólanámskrá og áætlunum um nám. Skrá viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni og gera þessar upplýsingar aðgengilegar, auk þess að gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	Kennarar flétti grunnþættina inn í kennsluáætlanir. Byggt á vinnu kennara um grunnþættina frá í október 2015 og janúar 2016. Niðurstöðurnar eru vistaðar á sameiginlegu drifi kennara en verða birtar á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur	Mars 2019	Yfirlit með kennurum í ágúst/september ár hvert og kynnt í skólaráði
*Tilgreina í kennsluáætlunum hvernig á að koma til móts við ólíkar námsþarfir nemenda.	Kennarar skilgreini í öllum kennsluáætlunum hvernig vinna skal með ólíkar námsþarfir nemenda. Vinna með flokkaskipt hæfniviðmið og sveigjanlega tímaramma auk valmöguleika í verkefnavinnu. Nemendum	Kennarar/sérkennara r/námsráðgjafi	Yfirlit og verði fastur þáttur frá og með janúar 2019.	Deildarstjórar yfirlit áætlanir kennara í upphafi hverrar annar og tryggja að komið verði til móts við ólíkar þarfir í öllum námsgreinum

	gefinn kostur á munnlegum, rafrænum eða skriflegum skilum. Einstaklingsnámskrár þeirra sem eru með þær endurskoðaðar með reglubundnum hætti í samstarfi við foreldra.			
Kynna námskrár og áætlanir fyrir nemendum og foreldrum og hvetja þá til að nota þær	Umsjónarkennarar gangi frá námskrám og kennsluáætlunum fyrir skólakynningar að hausti og ræði þær á kynningarfundum	Umsjónarkennarar og greinakennarar	September ár hvert	Deildarstjórar meti áætlanirnar með kennurum og koma umbótaferli í gang ef þarf
Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlunum og tengja þau við námskrá	Námskrárhloti Mentor nýttur og kennurum kennt að tengja markmið og áætlanir saman	Deildarstjórar	Margir kennarar nýta þetta nú þegar og allir kennarar frá upphafi skólaárs 2019-2020	Skólastjóri yfirfari með deildarstjórum í upphafi skólaárs og tryggi að allir kennarar tengi markmið og áætlanir saman

Unnið af teymi um innra mat í mars 2019

Björk Hafliðadóttir

Elísabet Pétursdóttir

Guðmundur Ásmundsson

Jóhannes Larsen

Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir